

## Stefna Regins hf. og dótturfélaga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

### 1. Tilgangur og markmið

Reginn hf. og dótturfélög („Reginn“ eða „félagið“) leggur áherslu á að hlíta öllum kröfum laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018, sbr. síðari breytingar, auk annarra laga og reglugerða sem settar eru á sama grundvelli. Tilgangur stefnu þessarar er að koma á og viðhalda skilvirku kerfi til að sporna við að viðskiptasambönd Regins hf. og dótturfélaga, verði notuð í ólöglegum tilgangi er tengist peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Markmið stefnunnar er að lýsa ábyrgð, hlutverki og helstu verkefnum ábyrgðaraðila.

Með peningabætti og fjármögnun hryðjuverka er vísað til þess þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við, nýtir eða aflar sér með einhverjum hætti ávinnings sem verður til vegna brots sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. síðari breytingar, eða öðrum lögum. Samkvæmt framangreindu geta öll brot sem eru refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum verið frumbrot peningabættis. Þetta geta verið brot sem kunna að hafa fjárhagslegan ávinning í för með sér svo sem fíkniefnaviðskipti, fjársvik, vörusvik, skattalagabrot, innherjasvik, þjófnaður, fjárkúgun, mútur, o.s.frv. Á grundvelli framangreindra laga hefur félagið þeirri skyldu að gegna að þekkja deili á viðskiptamönnum sínum og starfsemi þeirra, kanna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn og tilkynna þar til bærum yfirvöldum vakni grunur um ólögmeða starfsemi.

### 2. Ábyrgðaraðilar og helstu verkefni

Stefnan nær til stjórnar, stjórnenda og starfsmanna Regins og er þeim skylt að starfa og halda utan um alla þætti er snúa að aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í samræmi við skilgreint verklag og ferla vegna afhendingar á þjónustu og vörum félagsins.

**Stjórn** ber ábyrgð á að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits sem tekur á þeim eftirlitsþáttum sem beinast að aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

**Stjórnendur** bera ábyrgð á að stefnu þessari sé framfylgt og skulu með reglulegum hætti kanna hvort henni sé framfylgt innan félagsins og hvort unnið sé í samræmi við



skilgreint verklag vegna aðgerða gegn peningabætti. Stjórnendur skulu jafnframt sjá til þess að starfsmenn hljóti sérstaka þjálfun í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

**Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka** skal taka út virkni eftirlitsþátta sem draga úr þeirri áhættu að þjónusta og vörur félaganna séu nýttar í tengslum við peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka. Hann skal að lágmarki einu sinni á hverju rekstrarári, taka saman upplýsingar um tilkynningar til lögreglu og önnur tilvik mála sem upp koma innan samstæðunnar, og gefa skýrslu til stjórnar félagsins. Hann skal einnig upplýsa um hvernig staðið var að þjálfun og menntun starfsmanna. Hann annast tilkynningar um grunsamleg viðskipti og fjármuni sem grunur leikur á að rekja megi til refsiverðrar háttsemi í samstarfi við stjórnendur Regins.

**Starfsmönnum** ber að starfa samkvæmt þeim ferlum og verklagi sem félagið hefur innleitt. Starfsmenn þurfa að þekkja tilgang og eðli þeirra eftirlitsaðgerða sem þeir framkvæma. Þeir þurfa að vera vakandi fyrir viðeigandi aðgerðum gegn peningabætti og hryðjuverkum, sýna árvekni gegn hugsanlegum svikum og upplýsa yfirmann sinn ef þeir telja að viðskiptamenn Regins stundi starfsemi er tengist peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka. Einnig ber þeim að upplýsa stjórnendur ef þeir telja að eftirlitsaðgerðum til mildunar áhættu sé áfátt eða ef eftirlit sé ófullnægjandi og ekki í samræmi við þau markmið sem félagið hefur sett sér.

**Verktökum** ber að fylgja lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka s.s. með því að tryggja að tekjur af og fjármögnun á starfsemi þeirra brjóti ekki gegn framangreindum lögum eða reglugerðum sem settar hafa verið á sama grundvelli. Í samningum félagsins við verktaka er kveðið á um frekari kröfur sem félagið kann að gera í samræmi við stefnu þessa.

#### **Aðferðir og skýrslugerð**

Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka skulu m.a. felast í gerð áhættumats. Matið skal innihalda skriflega greiningu og mat á hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og skal m.a. taka mið af áhættuþáttum sem tengjast viðskiptamönnum, viðskiptalöndum eða svæðum, vörum, þjónustu, viðskiptum, tækni og dreifileiðum. Áhættumat skal einnig taka mið af stærð, eðli og umfangi á starfsemi og margbreytileika starfseminnar. Áhættumatinu er ætlað að leiða í ljós helstu áhættuþætti er tengjast peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Handwritten signatures in blue ink, including the letters "M", "F", "M", and "BA".


Áhættumatið er grundvallarpáttur í áhættumiðuðu eftirliti og leggur grunninn að viðeigandi eftirlitspáttum sem skulu vera innbyggðir í ferla og verklag. Hluti af eftirlitspáttum er vöktun á viðskiptamynstri, framkvæmd áreiðanleikakannana og auðkenning viðskiptamanna.

### Endurskoðun

Endurskoða skal stefnu þessa árlega eða oftar ef tilefni er til.

Þannig samþykkt af stjórn Regins hf. þann 5. apríl 2022

Benedikt Olgeirsson  
Bryndís Hrafnkelsdóttir  
Guðrún Tinna Ólafsdóttir  
Heiðrún Emilía Jónsdóttir  
Tómas Kristjánsson

Handwritten signatures in blue ink, including names such as Benedikt Olgeirsson, Bryndís Hrafnkelsdóttir, Guðrún Tinna Ólafsdóttir, and Heiðrún Emilía Jónsdóttir.